

## Áhrif síldardauða á botndýralíf í Kolgrafafirði

Valtýr Sigurðsson (1), Róbert A. Stefánsson (2), Jón Einar Jónsson (3), Árni Ásgeirsson (3) og Jörundur Svavarsson (1)

- 1) Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- 2) Náttúrustofa Vesturlands, Stykkishólmi
- 3) Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Stykkishólmi

Kynnir/Tengiliður: Valtýr Sigurðsson (vas9@hi.is)

Veturinn 2012-2013 drápust riflega 50 þúsund tonn af síld í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi, af öllum líkindum vegna súrefnisþurrðar. Í kjölfarið var súrefnismettun sjávar lág um langt skeið og rak dauð botndýr á land. Markmið verkefnisins var að skoða líf á botni og bera það saman við niðurstöður Agnars Ingólfssonar (1999) á greiningu sýna sem tekin voru á sömu stöðum 14 árum fyrr. Tekin voru botnsýni með Shipek botngreip sem nær yfir 0,04 m<sup>2</sup> flöt og 10 cm ofan í botnsetið. Fjögur sýni voru tekin á 7 stöðum innan brúar. Samanburðarsýni voru tekin á tveimur stöðum utan brúar sem nú þverar fjörðinn. Úrvinnsla sýnanna stendur yfir en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu ásamt tegundagreiningu á vormánuðum 2014. Frumniðurstöður greiningar botnsýna úr Kolgrafafirði benda til mikillar breytinga á tegundasamsetningu botndýra á menguðustu svæðunum, einkum vegna aukningar í þéttleika burstaorma af tegundinni *Capitella capitata*. Að öðru leyti einkennast sýnin innan brúar af lágum tegundafjölbreytileika en á samanburðarsvæðum utan brúar fundust fleiri tegundir og fylkingar. Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkti verkefnið.